



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótshrepps í Végarði 3. maí 2024 kl. 16:30.

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður, Helga Eyjólfsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf í fjarsambandi og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Brekkugerðishús. Skemmubygging

Skáldahús ehf. kt. 600696-2469 sækja um byggingarleyfi fyrir skemmu á lóð austan vegar nr. 931. Í almennri lýsingu segir að skemman sé ætluð til geymslu og viðgerða á búnaði sem tengist ferðaþjónustu. Hönnuður er Einar Ólafsson kt. 160865-5719. Burðargrind er úr timbri, sökklar og plata steinsteypt, í veggjum og þaki verða samlokueiningar. Helstu stærðir: Flatarmál 240,7 m². Rúmmál 1079,5 m³. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita umbeðið byggingarleyfi.

2. Víðivallagerði. Aðflutt hús.

Þorsteinn Pétursson sækir um byggingarleyfi f.h. Búa í Gerði ehf. kt. 710308-1600 fyrir aðflutt hús frá Unalæk. Húsið er timburhús sem stóð áður á tjaldstæði KHB. Uppdrátt og skráningartöflu gerði Jónas Hafþór Jónsson kt. 070380-5019. Helstu stærðir: Flatarmál 67,3 m². Rúmmál 201,9 m³. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita umbeðið byggingarleyfi.

3. Minjavörður Austurlands. Umsagnir.

Umfjöllun um eftirtaldar umsagnir frá Minjaverði: a) Brekkugerðishús. Skemmulóð. b) Deiliskipulagssvæði á Valþjófsstaðamelum. c) Sturluflöt. Heimarafstöð. d) Möstur til veðurathugana. e) Deiliskipulagssvæði í landi Hamborgar.

4. Umsókn um efnistöku úr Bessastaðaáreyrum.

Skarphéðinn Smári leggur fram: *Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Bessastaðaá fyrir hönd Sveins Ingimarssonar. Áætluð efnistaka verði um 4000 m³ í heildina og deilist niður á fjögur ár. Námusvæðið hefur áður verið nýtt af Vegagerðinni og er náman skráð þar: Heiti: Bessastaðaá. Fastnr. námu: 19576.* Byggingar- og skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn veiti umbeðið framkvæmdaleyfi, en bendir þó á að eðlileg málsmeðferð sé að gera breytingu á Aðalskipulagi Fljótshrepps 2014-2030 í þá veru að námusvæðið sé þar merkt sem efnistökusvæði.

5. Grenndarkynning vegna veðurmastra

Athugasemdafresti lauk 23. apríl sl. Gunnþórunn Ingólfisdóttir kom með athugasemd um aðkomu og slóðagerð að mastrastæðum. Byggingar- og skipulagsnefnd felur byggingar- og skipulagsfulltrúa að svara framkomnum athugasemdum.



6. Deiliskipulag á Valþjófsstaðamelum.

Athugasemdafresti lauk 30. apríl sl. Byggingar- og skipulagsnefnd felur byggingar- og skipulagsfulltrúa að svara framkomnum athugasemdum og koma deiliskipulaginu í endanlegt og tilskilið afgreiðsluferli hjá Skipulagsstofnun.

7. Deiliskipulag á Víðivöllum fremri II.

Farið yfir vinnslutillögu að deiliskipulagi fyrir Víðivelli fremri II. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að setja deiliskipulagstillöguna í tilskilið kynningar- og athugasemdaferli og vísar ákvörðun um það til sveitarstjórnar.

8. Deiliskipulag fyrir íbúðabyggð í landi Hamborgar.

Farið yfir vinnslutillöguna og þær ábendingar sem komu fram við fornleifaskoðun og í umsögn Minjavarðar. Hönnuður hefur tekið tillit til þeirra með tilheyrandi breytingum frá fyrri útgáfu deiliskipulagstillögunnar. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að setja deiliskipulagstillöguna í tilskilið kynningar- og athugasemdaferli og vísar ákvörðun um það til sveitarstjórnar.

9. Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030.

Athugasemdafresti lauk 30. apríl sl. Byggingar- og skipulagsnefnd felur byggingar- og skipulagsfulltrúa að svara framkomnum athugasemdum og koma breytingu á aðalskipulaginu í endanlegt og tilskilið afgreiðsluferli hjá Skipulagsstofnun og vísar ákvörðun um það til sveitarstjórnar.

10. Skriðuklaustur. Lóð undir fyrirbyggjandi bogaskemmu.

Framkvæmdasýslan- Ríkiseignir óska eftir að sérstök afmörkuð 2340 m² lóð sé samþykkt fyrir gömlu bogaskemmuna austan vegar nr. 933 á Skriðuklaustri. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að skrá sérstaka lóð undir skemmuna og vísar endanlegri samþykkt til sveitarstjórnar sbr. greinar nr. 5 og nr. 6 í Jarðalögum 81/2004.

11. Önnur mál.

Kynnt bréf dags. 18.04 2024 frá forsætisráðuneytinu um ósk um stofnun fasteignar (þjóðlendu). Heiti fasteignar: Eyjabakkajökull í Fljótsdalshreppi. Byggingar- og skipulagsnefnd felur byggingar- og skipulagsfulltrúa að verða við erindinu innan þeirra valdheimilda sem hann hefur.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:10.

Sign: Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson